

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í maímánuði 1993.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í aprílmánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

- | | |
|--------------------------|----------------|
| 1. Skreið | Útborgun 4,6% |
| 2. Hörpudiskur | Útborgun 11,0% |

Ofangreindar útborganir eru af reikningum deilda fyrir viðkomandi afurðir úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða einhvers reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurða í maímánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. apríl 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REGLUGERÐ

um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga.

1. gr.

Aðili sem í atvinnuskyni hefur með höndum fólksflutninga getur sótt um frjálsa skráningu til skattstjóra. Heimild til skráningar samkvæmt reglugerð þessari nær til þeirra sem hafa með höndum fólksflutninga innanlands og flugfélaga og skipafélaga sem eru í reglulegum ferðum á milli landa. Heimildin nær ekki til þeirra sem hafa með höndum leiguakstur fólksbifreiða, sbr. lög nr. 77/1989, um leigubifreiðar.

2. gr.

Aðili sem fengið hefur heimild til frjálsrar skráningar skal innheimta útskatt af fargjöldum vegna fólksflutninga innanlands, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988. Sala á farseðlum vegna ferða á milli landa telst hins vegar ekki til skattskyldrar veltu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

3. gr.

Aðili sem skráður er frjálsri skráningu skv. 1. gr. getur samkvæmt almennum ákvæðum laga nr. 50/1988 og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, talið til innskatts þann virðisaukaskatt sem eftir skráninguna fellur á kaup hans á vörum og þjónustu er varða umrædda starfsemi.

4. gr.

Umsóknir um frjálsa skráningu skal senda skattstjóra í því skattumdæmi þar sem aðili er heimilisfastur.